



Prófreglur

1. Nemendur skulu koma stundvíslega til prófs og athuga á auglýsingatöflu skólans hverju sinni hvar þeim er ætlaður staður í prófinu. Komi nemandi of seint til prófs skerðist próftími hans sem því nemur.
2. Við skrifleg próf má nota þau gögn sem tilgreind eru á prófverkefnum. Önnur gögn mega ekki vera uppi á borðum og ekki heldur pennaveski, töskur eða aðrar hirslur. Farsíma og tölvur má ekki hafa með í próf. Sé nemandi með slík tæki á sér skal hann afhenda yfirsetumanni þau áður en prófið byrjar. Sé nemandi staðinn að því að nota óheimil hjálpargögn, veita eða þiggja hjálp, skal vísa honum frá prófi þegar í stað og leggja mál hans fyrir skólaráð. Nemandi sem er staðinn að broti af þessu tagi fær falleinkunn á prófinu og getur einnig átt von á brottvikningu úr skóla, tímabundið eða til frambúðar, eftir alvarleika brots.
3. Þegar próftíma lýkur skulu nemendur skilja prófverkefni eftir á prófborðum og yfirgefa prófstofur tafarlaust. Heimilt er að yfirgefa prófstofu við úthringingu hálfri klukkustund áður en prófi lýkur.
4. Nemandi, sem verður fyrir slysi eða veikist á próftímanum, hefur rétt til þess að taka sjúkrapróf enda skili hann læknisvottorði því til staðfestingar. Nemendur undir 18 ára aldri mega skila staðfestingu á veikindum frá forráðamönnum. Nemendum ber að tilkynna um veikindi sín til skrifstofu skólans áður en próf hefst og skila þangað vottorði innan þriggja daga. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans. Skal vottorði dagsettu samdægurs skilað til skrifstofu skólans.
5. Öll sjúkrapróf fara fram á sérstöku „sjúkraprófsdegi“ sem tilgreindur er í próftöflunni. Þeir einir fá að taka sjúkrapróf sem leggja fram fullgild vottorð um forföll sín. Sækja ber um sjúkrapróf til áfangastjóra.
6. Miðað er við að nemendur séu ekki í fleiri en fimm prófum á þremur dögum. Þurfi nemandi að taka fleiri próf á þremur dögum á hann rétt á að fá eitt prófanna fært.

Það sem segir um notkun óheimilla hjálpargagna í prófreglu númer 2 gildir eftir því sem við á um annað námsmat en skrifleg lokapróf. Ef nemandi eignar sér til dæmis verkefni sem einhver annar hefur unnið, reynir að hafa rangt við eða blekkja kennara þegar hann skilar einhverju sem hefur vægi við einkunnagjöf, þá jafngildir það broti á prófreglu númer 2.